

## Aðalfundur foreldrafélagsins haldinn þann 29. September 2015 klukkan 19:30 í sal Verslunarskólans.

María Björk Óskarsdóttir formaður foreldrafélagsins bauð fundargesti velkomna .  
Um 200 foreldrar sátu fundinn sem er met í aðsókn í fundi foreldrafélagsins.

1. Kjör fundarstjóra. Hafsteinn Sv. Hafsteinsson var kjörinn fundarstjóri
2. Kjör fundarritara. Helga Sverrisdóttir var kjörin fundarritari.
3. Skýrsla stjórnar. María Björk flutti skýrslu stjórnar, tilgreindi stjórnarmenn og þær breytingar sem eru framundan í þeim efnum og hvatti nýja foreldra til að gefa kost á sér. Hún fór sömuleiðis í grófum dráttum yfir helstu verkefni fráfarandi stjórnar á síðasta starfsári. Sagði hún stjórn hafa fundað fjórum sinnum með formlegum hætti auk þess að hafa tekið ákvarðanir og haft mikil samskipti sín á milli í gegnum lokaða Facebook grúppu og í tölvupóstum. Að starfið í vetur hefði snúist um skólastarfið, félagslífið, ballgæslu og fleira. (sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar). Síðastliðinn vetur var strembinn að mörgu leyti, leiðindaveður í langan tíma settu mark sitt á kraftinn í þjóðfélaginu, upp komu komu erfið mál innan skólans sem vörðuðu nemendur og félagslífið og var foreldraráðið alfarið á hliðarlínunni þar. Stytting náms til stúdentsprófs í 3 ár bar hæst hvað skólastarfið varðaði. Stjórnin fundaði einnig með skólastjórnendum á sérstökum fundi sem venja er að boða til árlega þar sem gafst tækifæri til að ræða þau mál sem stjórn vildi sérstaklega ræða og fá upplýsingar um. Formaður var boðaður og sat nokkra fundi með Skólanefndinni sem er mjög jákvætt og fyrsta árið sem meiri regla kemst á þá fundarboðun til foreldraráðsins. Mikilvæg tengsl og samskipti myndast við slíka fundi og meiri yfirsýn á báða bóga. Félagsgjald sem foreldrar greiddu í fyrsta sinn á síðasta ári breytti öllu fyrir starfsemi foreldrafélagsins sem nú gat kostað bæði viðburði eins og fyrirlestra, veitingar í ballgæslu og vinninga í edrúpottinn. Ballgæslan í vetur var öflug ekki síst framan af vetri en erfiðara var að fá foreldra undir lokin. Mikil ánægja var hins vegar með ballgæsluna og aðkomu foreldra, bæði hjá yfirstjórn og kennurum skólans og einnig hjá þeim aðilum sem leigja út húsnæði sitt undir böll og er mikill munur á aðkomu eftir okkar samkomur þar sem foreldrar taka upp allt rusl, gler og dósir og sinna börnunum vel ef eitthvað er ekki í lagi. Mikilvægt að tryggja öfluga ballgæslu á öllum böllum út allt skólaárið.
4. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram. Sigurður Örn gjaldkeri stjórnar lagði fram reikninga félagsins til samþykktar. Valfrjálsir greiðsluseðlar voru sendir út í fyrsta sinn s.l haust og er ánægjulegt að segja frá því að langflestir foreldrar greiddu félagsgjaldið. Þannig hefur myndast sjóður sem gerir

foreldrafélaginu kleyft að að standa fyrir viðburðum fyrir foreldra, og vera með veglega vinninga í edrúpotti svo eitthvað sé nefnt. Sigurður gerði grein fyrir helstu útgjaldaliðum. Reikningarnir voru samþykktir og verður ársreikningurinn gerður sýnilegur á heimasíðu foreldrafélagsins.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum. Samþykkt að félagsgjaldið, 1500 krónur verði óbreytt næsta ár.

Eyrún Baldvinsdóttir og Elsa K. Elíasdóttir gáfu áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og voru kjörnar samhljóða á fundinum.

5. Fulltrúar nemandanna kynntu félagslífið í skólanum í máli og myndum. Fulltrúar skemmtinefndar, íþróttafélagsins, féhirðirinn og forseti NFVÍ. Ljóst er að félagslíf skólans er í miklum blóma nú sem endranær og af nógu að taka.
6. Kjör til nýrrar stjórnar. Margir úr núverandi stjórn gefa áfram kost á sér í stjórn þ.e. María Björk Óskarsdóttir, Helga Sverrisdóttir, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Svandís Sturludóttir, Sæunn Gísladóttir, Helga María Rúnarsdóttir, María Jónasdóttir og Þórdís Guðmundsdóttir.

Úr stjórninni ganga:

Sigurður Örn Eiríksson, Brynja Björg Bragadóttir, Díana Arnfjörð, Guðjón Atlason, Sesselja Tómasdóttir og Þórður Þorkelsson. Var þeim þakkað samstarfið og framlag sitt til foreldrafélagsins.

Eftirfarandi foreldrar hafa boðið sig nýir fram í stjórnina:

Margrét Ármann (börn í 4. og 5. bekk)

María Fjóra Pétursdóttir (barn í 4. bekk)

Þorlákur Traustason (barn í ...)

Hjördis Björgvinsdóttir (barn á 1. ári)

Bryndís A Guðmundsdóttir (barn í 4. bekk)

Júlía Linda Ómarsdóttir (barn í 4. bekk)

Brynja Kristinsdóttir (barn á 1. ári)

7. Eftir kaffihlé kom Páll Ólafsson félagsráðgjafi og hélt frábæran fyrirlestur um jákvæð samskipti, hvað ber að varast í samskiptum við unglingana okkar og hvert annað. Það er óhætt að segja að þessi fyrirlestur hafi slegið rækilega í gegn. Allir gátu tekið til sín marga punkta og oftast en ekki voru hlátrasköllin svo mikil í bláa salnum að Árni húsvörður vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið !

Dagskrá lauk um klukkan 22:00

Fundarritari Helga Sverrisdóttir.